

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða. Við hann skal bætt vöxtum þeim, sem til kunna að falla árlega.

6. gr.

Samkvæmt fyrirætlum stofnanda skal stjórn sjóðsins þannig skipuð: Hreppsnefndaroddviti Þverárhliðarhrepps skal jafnan eiga sæti í henni. Honum til aðstoðar skulu vera fyrst um sinn Eyjólfur Jómundsson í Örnólfsdal og Páll Jónsson, Bollagötu 5 í Reykjavík. Að þeim frágengnum skal sjóðnum stjórnað af hreppsnefnd Þverárhliðarhrepps. Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og reikningur hans skal árlega endurskoðaður af þeim manni, sem kosinn er í hreppnum til að endurskoða sveitarsjóðsreikninginn.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og óskast hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Nr. 94.

2. apríl 1969.

S A M Þ Y K K T I R**fyrir Vatnsveitufélag Hallfreðarstaða.**

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Hallfreðarstaða. Heimili þess og varnarþing er í Hróarstunguhreppi, Norður-Múlasýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá meðlimum þess fyrir neyzluvatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru eftirtaldir aðilar. Ábúendur á jörðunum Hallfreðarstöðum I, Hallfreðarstöðum II og Hallfreðarstaðahjáleiga.

4. gr.

Félagið byggir vatnsveituna og leggur að íbúðarhúsvegg hvers aðila.

5. gr.

Hver aðili á jafnan rétt á vatni til húsbæra og atvinnurekstrar.

6. gr.

Skylt er að taka nýja ábúendur í félagið sé nægilegt vatn fyrir hendi. Nýi félaginn greiði sama stofngjald og stofnfélagar. Þó verður ekki lögð lengri heimæð á kostnað félagsins en meðaltalslengd heimæða stofnfélaga.

7. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af öllum aðilum í félaginu og greiðist hann í hlutfalli við stofngjald eftir því sem þörf krefur.

8. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður, ritari og gjaldkeri, kosnir á aðalfundi til eins árs í senn og einn til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Árlega skal kjósa tvo endurskoðendur.

9. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða bréflaga eða persónulega með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna mæta. Hafi aðalfundur fallið niður vegna ónógrar fundarsóknar, telst næsti löglega boðaður fundur lögmætur, án tillits til fundarsóknar.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosin stjórn og endurskoðendur.

10. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið boðað til hans á sama hátt og aðalfundar. Á félagsfundi hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

11. gr.

Formaður félagsins kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfund. Stjórnarfundur er því aðeins lögmætur að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðarbók og skal fundarritari lesa upp fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni.

12. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og leiðslum veitunnar.

13. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu $\frac{2}{3}$ fundarmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Hallfreðarstaða í Hróarstungu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. apríl 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Rafveitu Keflavíkur, nr. 32 7. febrúar 1968.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni skulu hækka um 10%.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967.

Atvinnumálaráðuneytið, 2. apríl 1969.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.